- Dr. Broddi Jóhannesson fyrrverandi rektor. Auðunn Bragi Sveinsson. Minning. *Tíminn* 21.9 1994. Sjá: [Tíminn - 176. Tölublað \(21.09.1994\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](https://www.timinn.is/176). Sótt 15.7 2021.
- Gefið og þegið: Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum. Reykjavík. Iðunn 1986. Ritstj. Þuríður J. Kristjánsdóttir.
- Merkir Íslendingar. Broddi Jóhannesson. *Morgunblaðið* 21. apríl 2012. <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1419176/>. Sótt 28.1 2020.



Mynd með Merkir Íslendingar í Mbl. 21.4 2012

„Það skyldi enginn vanmeta mátt áróðurs og sefjunar“. Afmælisviðtal við dr. Brodda Jóhannesson sjötugan. Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands 8 (2): 7-22. Ritnefnd Fréttabréfsins skipuðu Einar Gylfi Jónsson, Jóhann Thoroddsen og Oddi Erlingsson (ábm.)

"ÞAÐ SKYLDI ENGINN VANMETA MÁTT ÁRÓÐURS OG SEFJUNAR"

AFMÆLISVIÐTAL VIÐ DR. BRODDA JÓHANNESSON SJÖTUGAN



Dr. Broddi er fæddur 21. apríl 1916 í Skagafirði. Hann nam sálarfræði í Danmörku og Þýskalandi á árunum 1935-40. Í 34 ár var hann kennari við Kennaraskóla Íslands. Skólastjóri og síðar rektor sama skóla á árunum 1962-1975. Hann er einn af stofnendum Sálfræðingafélags Íslands og var fyrsti formaður þess. Auk þess hefur hann lagt stund á ritstörf og þýðingar. Á árum áður gat Broddi sér landsfrægð fyrir upplestur í útvarpi.

Við hittum Dr. Brodda að heimili hans að Sporðagrunni 15 og áttum við hann langt og fjörlegt viðtal. Vonandi tekst okkur að koma þessum ágæta sögumanni til skila á prenti.

Við spurðum fyrst um uppvöxt hans í Skagafirði.

"Ég er fæddur í Litladalskoti í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði. Nú er búið að breyta nafni bæjarins svo að ég veit ekki lengur hvað hann heitir. Mönnum var um skeið fjarska lítið um kotanöfnin. Þriggja ára gamallfluttist ég með foreldrum mínum austur yfir Héraðsvötn að Uppsölum í Blönduhlíð. Þar dvaldist ég til átta ára aldurs. Þá dó faðir minn og heimilið leystist upp. Bróðir minn, sem var tveimur árum eldri, fylgdi móður okkar en ég fór í fóstur til vinafólks að Framnesi í sömu sveit. Þar bjuggu þá systkinin Björn Sigtryggsson og Helga systir hans. Á heimilinu var móðir þeirra roskin, Sigurlaug Jóhannesdóttir, er áður hafði ráðið fyrir búi á Framnesi ásamt manni sínum Sigtryggi Jónatanssyni. Sigurlaug var af Svaðastaðakyni, en mannfólk af því kyni varð margt geysilanglíft og minnugt. Því fylgdu greið tengsl aftur í aldir.

Þannig frétti ég milliliðalítið um áhrif Napóleonsstyrjaldanna á viðskiptalíf í Skagafirði á sínum tíma. Þessi roskna kona var ekki margorð. Þó virðist mér sem hún hafi rætt við mig flest vandamál mannlífsins. Þegar ég kynntist síðar píetismanum og kenningum og lífsstarfi A.H. Franckes þekkti

2.tbl. 8.árg. 1986

ég andann og inntakið af orðum og háttum þessarar konu í daglegu lífi. En hún kenndi mér líka lagavísu Páls lögmanns Vídalíns, en þeir létust báðir árið 1727 Francke og Páll."

Var ekki erfitt að missa föður sinn og skiljast við móður sína svona ungur?

"Nú eruð þið að leita að vandamálum, að hætti góðra sálfræðinga. En það er margs að gæta í þessum efnum. Aldurstig skiptir ávallt miklu máli þegar á manninn reynir. Átta ára aldurinn er tiltölulega styrkur aldur. Aðstæðurnar ráða og miklu. Tæringin var landlæg á þessum árum og dauðinn sínálægur. Ég kynntist föður mínum aldrei sem fullhraustum manni og systir mín á fyrsta ári fór í sömu gröf og hann. Þó var hann mér mikilsverður og góður faðir og hefur fylgt mér jafnan. Ég hef aldrei heyrt hans getið nema að góðu.

Að fara í fóstur var eftir atvikum eðlilegt, en ekki vandamál. Mikið tal um vandamál vekur stundum vandamál. Sefjunin er máttug og stundum lævis."

-Máli sínu til stuðnings greip Broddi smjörhnífinn og dró eggina milli vara sinna án þess þó að snerta þær. Og það var eins og við manninn mælt: Ritnefndin fékk sting í varirnar.-"En það er tíðast nokkur áreynsla að skipta um umhverfi. Þó er slík áreynsla oftast en hitt fólgin í svokölluðum

Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands

smámunum. Á Framnesi voru sumar heimilisvenjur aðrar en á Uppsölum, hvorki betri né verri. Ég þurfti að breyta sumum venjum mínum. Á Uppsölum vorum við bræðurnir mjög frjálssir. Einhverju sinni lét Jónas Sveinsson, síðar kenndur við Bandagerði, þau orð falla við móður mína, að drengi hennar vantaði ekkert nema bita gras til þess að vera fullkomnar skepnur. Ég hef ekki fengið margan vitnisburð sem mér hefur þótt vænna um. Jónas bjó á Uppsölum á undan foreldrum mínum. Hann var vaskur maður og víða kunnur. Strákum leið vel í návist hans. Á Framnesi var meira aðhald en á Uppsölum. Slysfarir höfðu orðið á heimamönnum og nágrönnum í Héraðsvötnum. Var því krafist meiri varfærni en ég átti áður að venjast og heimfólk áhyggjumeira af vatnsföllum og ferðalögum."

Þetta er þá ekki annar raunveruleiki en börnin alast upp við í dag?

"Hvað er raunveruleiki? Ég er ekkert gefinn fyrir að snúa út úr, en satt að segja er ég ógnarleiður á tískuorðunum raunveruleiki og veruleiki. Hvað um "samfélagslegan veruleika"?

Það var fámennt í sveitinni, en samfélagið auðugt. Þorgeirsboli var mikill veruleiki. Það voru líka fuglar loftans og "dýr merkurinnar", einnig sílin í kílunum."

Ertu að segja okkur að til séu draugar?

"Yfirnáttúrulegir fyrirburðir breyttu tilverunni. Og ég þarf hvorki að játa því né neita í hjarta mínu, hvort til eru draugar fremur en hinu, hvort viðmælendur mínir eru til eða ekki. Mér er nóg að ræða við þá. - Hitt er annað mál, að ég hef gert nokkra tilraun til að auka við rök þeirra, sem telja að skipa megi drjúgum hluta skyggnifyrribæra í flokk með sjónmunamyndum, en þeim lýsti prófessor Ágúst H. Bjarnason í fáum orðum, en skýrum í Almennri sálarfræði. - Dagleg störf voru líka mikill veruleiki og að jafnaði nálægari en Þorgeirsboli. Þau sveitastörf, sem börnum voru ætluð í æsku minni reyndu nokkurn veginn jöfnum höndum á að bjarga sér í samvinnu sem á eigin spýtur og þau fengu sig oft fullreynd. Gott dæmi um það eru heyverkin. Sum þeirra voru illvinnandi nema með því að vera samtaka, í öðrum aleinn í ábyrgð og þrautseigju. Það þurfti líka að hafa samvinnu við skepnur og höfuðskepnur, það var ekki gott að raka á móti vindi né draga netið móti straumi. En öll voru verkin nauðsynleg og skiljanleg og leyndu því ekki hversu þau voru af hendi leyst og staðfestu því afdráttarlaust gildi verkmannsins. Heyflutningur var ábyrgðarmikil þrekaun, heylestin staðfesti fullgilt hlutverk þess er

stjórnaði henni. Þar voru hrossin síst minni uppalandur en mannfólkið enda sjálfum sér samkvæm að jafnaði. - Vinnutíminn í heybandinu var langur, en viðurgerningur góður og atlæti notalegt. Jafnréttis var gætt og kysi ég þó heldur að segja að fullréttis hafi verið gætt. Jafnrétti er vandræðahugtak. Hver fékk það sem hann þurfti eftir því sem föng leyfðu og enginn var settur hjá. - Kennurum er hollt að velta fyrir sér fullrétti og jafnrétti."

Nú hefur þú sagt okkur frá bernsku þinni. Hvað með unglingsárin?

"Þessari spurningu get ég hvorki svarað á skammri stundu né í stuttu máli. Þó mun ekki hafa verið fjallað meira um annan aldursflokk undanfarna áratugi en unglíngana. Sjaldnast virðist mér sú umræða hafa snert þau efni er skiptu mig mestu máli á unglingsaldri. Reynsla unglings er í margri grein úrslitareynsla lífs hans. Tólf ára drengur skilur með skyndingu sitthvað sem honum sást yfir átta ára gömlum. Unglingur endurfæðist. Öll fæðing er skyndileg. Unglingur fær opinberanir, hann endurskoðar, hann endurmetur, hann sér heiminn í nýju ljósi, fortíð, samtíð og framtíð. Það er mjög undir atvikum komið hvort eðli opinberunar er veitt athygli, þegar hún gerist og eins

hitt hvort menn muna stund og stað síðar á ævi. Auðveldast mun vera að glöggva sig á óvæntu endurmati á fyrri reynslu, eigin verkum eða þá annarra, þar sem reynir á þroskann til að setja sig í annarra spor og skilja eða leitast við að skilja hug þeirra. Endurmatið varðar flest æðri gildi manna, fegurð í öllum skilningi, siðgæðismat, trúarlíf, sekt og sýknu, ást og iðrun, rétt og rangt. Það er táknrænt að jafnvel litir himins og jarðar verða skærari og dýpri á þessu skeiði en öðrum nema þá örsjaldan í draumi. - Ýmsar aðstæður og þó öllu heldur atvik auðvelduðu mér að endurmeta endurmat unglingsáranna síðar á ævi. Þau voru stundum erfiður, en dýrlegur tími."

Hvað með skólagöngu þína?

"Ég var aldrei í barnaskóla. Það er galli á kennara í kennaraskóla því að reynslan er ólygnust. Ég naut heimakennslu og tók próf með öðrum börnum sveitarinnar á hverju vori. Ekki varð ég læs fyrr en á níunda árinu. Hefur aldrei hvarflað að mér að það hafi háð mér síðar á lífsleiðinni. - Eftir fullnaðarpróf var ég nokkrar vikur við nám hjá séra Tryggva H. Kvaran á Mælifelli og hans elskulegu konu Önnu Grímsdóttur Thorarensens. Séra Tryggvi var ágætur og reglusamur kennari og tók nokkra pílta til náms á þessum

misserum. Einnig var ég vetrartíma við nám hjá Séra Lárusi Arnórssyni á Miklabæ. Séra Lárus var skýr og skemmtilegur kennari, en hafði ýmsum umsvifum að sinna og urðu kennslustundir því færri en skyldi. Úrslitum réði um nám mitt undir menntaskóla að Haukur Þorleifsson frá Hólum í Hornafirði tók mig í einkatíma í fjórar eða fimm vikur síðsumars 1931. Um haustið náði ég prófi upp í annan bekk Menntaskólans á Akureyri."

Áður en við rekjum námsferil þinn nánar langar okkur að vikja að því að þú ert þekktur hestamaður.

"Það er eintómur misskilningur. Ég er að vísu alinn upp með hestum og hef löngum verið hjá eða nálægt hestelsku fólki. Það á rætur í forvitni minni um áttahagatengsl, áttaskyn og ratvísi að ég bast hrossum í vitund manna.

Svo er mál með vexti að Jón bóndi í Möðrudal á Efra-Fjalli keypti ungan gráföxóttan gæðing af Jóhannesi Steingrímssyni bónda á Silfrastöðum. Hesturinn undi sér ekki í Möðrudal og strauk þaðan. Fannst hann ekki þótt leitað væri, en seint um sumarið kom hann fram við sauðfjárvarnargirðinguna á Kili. Mér lék hugur á að rekja feril hestsins um örafín. Flutti ég þátt í útvarpið og spurðist fyrir ef einhverjir hefðu orðið varir við ferðir hans. Erindi þetta mun hafa orðið til þess að Albert Finnbogason framkvæmdastjóri bókaútgáf-

Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands

unnar Norðra kom að máli við mig og bað mig að taka saman bók um íslenska hestinn. Mér óx verkið í augum en tók það þó að mér. Úrslitum hygg ég að ráðið hafi símskeyti frá Karli Kristjánssyni á Húsavík að loknu erindi mínu um föxótta folann. Einnig las ég í útvarp þætti þá er Ásgeir Jónsson frá Gottorp hafði tekið saman um hesta föður síns Jóns Ásgeirssonar á Þingeyrum. Þættir þessir urðu feykivinsælir og stæltu Ásgeir til að semja hið sérstæða og merka rit Horfnir góðhestar. - Þess er skylt að geta að stundum dreymir mig hesta."

Hvers vegna valdirðu sálfræði?

"Í æsku minni glöptu undur tækninnar ekki mjög fyrir mönnum enda var fólk miklu andlegra þá en nú. Samskipti við skepnur vöktu athygli og sálfræðilega forvitni. Margar spurningar kviknuðu af því að fylgjast með móður og barni eða því hvernig ær sem misst hefur lamb sitt gengur öðru lambi í móðurstað. Hvað olli því að hestur trylltist ef hann varð hræddur en á kúnni sáust engin merki hræðslu nema mjólk bunaði úr spenum? Eða því, að sumir sáu og heyrðu Þorgeirsbola, en sumir ekki? Trúlega hafa þó þokukenndar hugmyndir um leyndardóminn mikla, fáfræði, ábyrgðarleysi og vanþroski í sameiningu ráðið vali mínu. Ég vildi hafa óbundnar hendur og

ætlaði ekki að gerast embættismaður. Ég hafði takmarkaðan áhuga á veraldlegum gróða, vissi lítið út í hvað ég var að fara og varð fyrir nóturlegum vonbrigðum á fyrstu stigum náms míns. Þar þóttu mér molar einir á borðum.- Ég hóf námið við Hafnarháskóla haustið 1935. Kennari minn var prófessor Edgar Rubin, mikilsmetinn fræðimaður. Tilraunir mínar voru drjúgur hluti námsins. Að þeim unnum við tveir og tveir saman. Félagi minn við tilraunirnar var Jens Sigsgaard, sá er skrifaði síðar bókina Palli var einn í heiminum, sem Vilbergur Júlíusson þýddi, ef ég man rétt.- Í forspjallsvísindum sótti ég fyrirlestra hjá próf. Jörgen Jørgensen. Hann var mikill kennari, skarpur rökfræðingur og lagði áherslu á heimspeki nútíðar. Yfirlit hans um almenna sálarfræði, rökfræði og sögu heimspekinnar er glöggt og samfelld. Lauk ég prófi hjá honum í apríl um vorið."

Síðan fyrstu til Þýskalands?

"Ekki beina leið. Ég fór fyrst heim til Íslands til þess að safna fé í vegavinnunni hjá Rögnvaldi vini mínum Jónssyni verkstjóra á Öxnadalsheiði. Sumarið áður hafði ég kynnst góðum íslandsvini, Þýskum, Reinhard Prinz. Ég ræddi við hann kvöldstund á Viðivöllum í Blönduhlíð en þar átti hann gamla og góða vini. Fátt man ég af þeirri viðræðu en undrandi varð ég

er hann hringdi til Kaupmannahafnar nálægt jólum 1935 og sagði að mér stæði til boða þýskur styrkur til skiptistudenta þá þegar eða síðar. - Ég kaus að ljúka vorsemestrinu í Höfn, gerði það og hélt síðan í vegavinnuna hjá Rögnvaldi. Hún varð styttri en ég vænti því að mislingar tóku fram fyrir hendur mér. Dvaldist ég það sem eftir var sumars hjá móður minni, en hún seldi þá veitingar í Varmahlíð. Þar var einnig kominn þýski skiptineminn Hannes Spaht frá Bremen. Tókst þegar með okkur góð vinátta og hefur haldist síðan. Ég liðkaðist líka mikið í þýskunni þennan sumartíma. Auk þessa bauð Sigurður Guðmundsson skólameistari mér kennslu næsta vetur. Þá freistingu stóðst ég ekki enda var auðsótt mál að fá þýska styrknum frestað um eitt ár. Til Þýskalands fór ég því ekki fyrr en haustið 1937. Áður hafði ég skrifað Matthíasi Jónassyni sem þá dvaldist í Leipzig og beðið hann um holl ráð. Vildi ég komast í góðan skóla enda væru engir Íslendingar í grenndinni a.m.k. fyrsta semestrið. Matthías vísaði mér á Tübingen. Fyrir það, sem margt annað vel gert, er ég honum æ þakklátur. Í Tübingen var ég einn vetur og heyrði ekki íslenskt orð í níu mánuði. - Tübingen var dýrlegur háskólabær. Þar var forn hámenning og sveitamennska í undursamlegu sambýli. Á leið í morgunstundirnar í háskólanum mætti ég stundum einum og einum

heimamanni með kúna sína nýmjólkaða fyrir mykjuvagninum. Gerð vagnsins var svo fornleg að ég þóttist skilja Þrymskviðu betur eftir en áður. Aðalkennari minn í Tübingen var próf. Oswald Kroh, frábær maður og frábær kennari. Hann hafði unnið nokkuð með Ernst Kretschmer meðan báðir voru í Tübingen. Í heimspeki sótti ég fyrirlestra hjá Max Wundt, syni Wilhelms Wundt, og Th. Haering. Þá tók ég þátt í mælinganámskeiði í mannfræði hjá F. Gieseler. Hann vitnaði oft í mælingar Guðmundar Hannessonar og mat hann mikils. Nokkrum sinnum hlustaði ég á fyrirlestra Hermanns Schneiders. Hann var mikils metinn germanisti og hneigði sig jafnan djúpt við upphaf og lok fyrirlestra. Minnst ég ekki annarra prófessora er það gerðu enda var önnur kveðja í meiri metum við flest tækifæri. Nokkrum sinnum hlustaði ég fyrir forvitnissakir á lögfræðinginn Feliz Genzmer, sem frægur er af ágætum þýðingum á Eddukvæðum og ýmsum öðrum fornum íslenskum kveðskap. - Áin Neckar rennur um Tübingen og borgarstæði fagurt. Hennar er fyrst getið á dögum Ara fróða og var þá virki Castra Alamannorum. Sem borgar er hennar fyrst getið á dögum Snorra Sturlusonar. Kastalinn Hohen Tübingen var endurreistur á fornum rústum á dögum Jóns Arasonar. Þar var heimkynni sálfræðistofnunar háskólans, en hann var stofnaður 1477. - Margt

ágætra manna nam og starfaði í Tübingen og örnefni og mannvirki minntu á þá. Minnisstæðastur er mér Hölderlinterturninn við Neckar þar sem skáldið mikla átti athvarf í áratuga sjúkleika sínum. - Að vetri loknum ráðfærði ég mig við prófessor Kroh um rannsóknarverkefni er ég gæti sinnt í sumarleyfinu heima á Íslandi. Kom okkur saman um að ég athugaði tíðni sjónmunafyrirbæra meðal íslenskra barna á aldrinum 8-13 ára. Náði ég til 60 eða 70 barna í Skagafirði og á Akureyri. Veturinn næsta fylgdi ég prófessor Kroh til München. Gerði ég athuganir mínar og skrifaði prófritgerð mína undir hans leiðsögn. Ritgerðin segir frá rannsóknum mínum á hæfi manna til að greina sundur bilkvæm áreiti. Skilaði ég henni 1. desember 1939. Sama dag drukkum við Baldur heitinn Steingrímsson síðasta kaffiskamtinn sem skilvísun leigjanda var geymdur. Um kvöldið skutumst við í Café Prinz Luitpold og hlustuðum á Nönnu Egilson syngja. En ekki átti ég kost á baunakaffi næstu átta mánuði. Margur beið raunar lengur.

Í München sótti ég einnig kennslu hjá Richard Pauli. Hann lagði megináherslu á tilraunasálfræði. Þýsk fræði stundaði ég hjá Otto Höfler. Hann var sérstæður kennari og mikill drengskaparmaður."

Hvernig var að vera í Þýskalandi á uppgangstímum nasismans?

"Mér féll ákaflega vel að vera þar, sérstaklega í Tübingen. Mér féll vel við þjóðverja, þeir voru áreiðanlegir og hreinskíptnir, stundum fannst manni þeir óþarflega nákvæmir. Ég lifði áhyggjulausu lífi, einkum fyrsta árið, meðan ég naut styrks skiptinema. Þar bjó ég í pensionati og voru þar saman komnir stúdentar frá þremur heimsálfum. Þar ríkti elskulegt andrúmsloft. Pólitíska spennan sem vitaskuld hefur legið í loftinu fór þá að mestu fram hjá mér en ég fékk tækifæri til að sjá og skilja ofurmátt áróðurs þar sem svo er um hnútana búið að loka má öll gagnrök úti. Slíkum aðstæðum hef ég kynnst víðar þótt í smærri skömmtum sé."

Gætti áróðurs innan háskólans?

"Kennarar mínir ráku engan beinan áróður í kennslu sinni en þeir gagnrýndu stjórnvöld ekki heldur nema þá í einkasamtölum. Stjórnmalastefna og kynþáttaviðhorf hafa haft sín áhrif á efnisval t.a.m. var Freud fyrirferðarminni í Þýskalandi á námsárum mínum en í ýmsum löndum austan hafs og vestan. En Hitler og flokksbræður hans voru hraðvirkir mjög og mesta öldurótið og sársaukann sem fylgdi í kjölfar valdatöku Hitlers hafði lægt nokkuð. Afstaða mín

hefur án efa dregið dóm af því að fyrstu kynni mín af þýskum háskólabrag urðu í Tübingen. Um það bil tveimur og hálfum mánuði eftir valdatökuna hófst "hagræðingin" í háskólanum bæði um skipulag og starfslið. Þar varð röskun á kennurum og öðru starfsliði innan við 2% og var það vægara afhröð en nokkur annar þýskur háskóli galt á þessum tíma. Þetta vissi ég að visu ekki fyrr en ég las það í afmælisritinu þegar háskólinn varð 500 ára 1977. Pólitíski áróðurinn og uppeldið í háskólunum held ég að hafi einkum gerst á snærum skipulagðra eininga flokksins innan stúdentasamtaka, en þar vissi ég ekki til að erlendir stúdentar kæmu við sögu. Jafnsnemma voru gömlu stúdentafélögin leyst upp. Enn er það að félagar mínir voru flestir vitaskuld á líkum aldri og ég en ég var 21 árs þegar ég kom til Tübingen 1937. Þýskir félagar mínir og vinir höfðu því flestir verið ofurseldir áróðrinum í nokkur ár. Þeir voru jafnsannfærðir um að ólíft væri í lýðræðisríki sem þið eruð um bölvun nazismans. Það var jafnvonlaust að fá þá til að fallast á kosti lýðræðis sem að sannfæra ærlegan Blöndhliðing í byrjun fjórða áratugarins um að til væri sæmilega innrættur sósíalisti. Tímarnir breytast. Er ykkur kunnugt um að nemendur voru reknir úr íslenskum menntaskólum á þessum tíma fyrir að taka opinberlega þátt í stjórnámum

meðan skóli þeirra starfaði og var þá farið eftir þar að lútandi reglugerð. Skilgreiningar á áróðri eru með ýmsu móti. Einhverju sinni mislíkaði Sigurði skólameistara að ég talaði um tiltekið afrek Josefs Goebbels í áróðri. Kvaðst Sigurður aldrei hafa "heyrt um afrek Lyga-Marðar". En hvað um það, áróður snýst um misjöfn málefni. Ég kynntist t.a.m. mjög fágúðum menningaráróðri í Þýskalandi. Síðasta veturinn minn þar í landi var ég boðinn á samkomu þeirrar stofnunar er bar heitið, ef ég man rétt, Auslandsamt der Dozentenschaft. Ekki man ég lengur hvort ég var tengdur henni með einhverjum formlegum hætti. Á samkomum þessum voru kynnt menningarverðmæti t.a.m. úr bókmenntum eða öðrum greinum lista, þýskum eða erlendum, en þar var aldrei ýjað að pólitík. Þar kynntust útlendingarnir Þjóðverjum sem ella voru ekki miklar líkur á að þeir ættu stefnumót við. Eina kvöldstund var kona Rudolfs Hess borðfélagi minn og láí mér hver sem vill að ég hef gleymt hinum borðfélagunum tveimur. Frú Hess var sérlega geðþekk kona, þéttvaxin með ljóst hár, lítið eitt skolað. Hún vissi furðumargt um Ísland og minnti á gerðarlegar húsfreyjur úr Blönduhlíð."

Er það þá rangt sem maður fær á tilfinninguna, að Þjóðfélagið hafi verið undirlagt af viðhorfum nazismans, Gyðingaofsóknum og

ofbeldi?

"Þessu verð ég að svara með annarri spurningu: Hvaða skilning lögðu kunningjar mínir þýskir í nazismann? Sú var reynsla mín af viðræðum við jafnaldra að þeir teldu Hitler vera stríðsmann friðar og verndar. Hernaðarandi þeirra beindist að því að vera viðbúinir að verja föðurlandið fyrir viðsjálum óvinum. En maður þurfti að hafa sannað nokkuð vel deili á sér og náð valdi á mæltu máli til nokkurrar hlítar áður en foreldri trúði manni t.a.m. fyrir óánægju sinni með íhlotun flokksins um uppeldi barnanna.

Þannig kynntist gesturinn í litlum háskólabæ friðsæld, snyrtimennsku og reglusemi. Ofbeldi var þar ekki á ytra borði. Það væri rangt ef ég segðist ekki vita meira um Gyðingaofsóknir en þið. Fyrsta árið var vitneskja mín einskorðuð við áróður blaðanna, þar sem ég mun sjaldan hafa lesið annað en fyrrisagnir um málefni Gyðinga. Stundum sá ég líka blað Juliusar Streichers, er hét Der Stürmer. Þar var áróðurinn svo svæsinn að ég tók ekkert mark á honum. Ég komst ekki í nein persónuleg kynni við Gyðinga á þessum tíma.-

Fyrstu beinu kynni mín af hrottaskap við Gyðinga í verki gerðust í München haustið 1938. Ef ég man þetta rétt var aðdragandinn sá að þýsku blöðin sögðu frá því að piltur af Gyðingaættum hefði orðið þýskum sendiráðsmanni

að bana í París. Alið var á fréttinni í nokkurn tíma og á einni og sömu nótt voru gerðar árásir á Gyðinga víðsvegar um Þýskaland. Af sjón og raun kynntist ég því hvernig verslanir Gyðinga í München höfðu verið leiknar. Þegar ég kom á fætur á venjulegum tíma morguninn eftir þessa nótt og lagði leið mína í skólann gekk ég fram á nokkra menn stjálkandi fyrir utan verslunarglugga og voru þar allar rúður kurlaðar. Inni í versluninni voru nokkrar manneskjur að bjarga varningi úr glerkurlinu sem tvístrast hafði um öll gólf. Þeir sem úti stóðu voru sumir þögulir, sumir köstuðu skætingi að fólkinu inni í versluninni en það svaraði fáu, þó ekki allir. Um daginn gengum við tveir eða þrír landar um borgina og skoðuðum verksummerki. Síðar hafði ég spurnir af öðrum aðgerðum m.a. í samkomuhúsum Gyðinga. Eftir þetta fékk óhróður blaðanna annað gildi, en hann hafði mér áður þótt vera svo fáránlegur, að ég tók ekki mark á honum. - Það var erfitt að rökræða stjórnsmál við þýska jafnaldra mína á þessum árum, en kynni mín af þeim auðvelduðu mér að skilja samkenndina og sannfæringarkraftinn, sem einkenndi ungmennin í lok sjöunda áratugarins. Sannfæring þeirra var í ætt við trúarbrögð. Af vörum þeirra heyrði ég sögur um Hitler sem líktust helgisögnum frá miðöldum."

Varstu þá aldrei hræddur?

"Ekki minnst ég þess og er ég þó enginn kjarkmaður. Ég vissi fram að fyrr nefndu atviki ákaflega fátt um hrottaverk á liðandi stund og ég trúði að alþýða manna hafi ekki verið öllu fróðari en ég. Það skyldi enginn vanmeta auðtryggðina, enn síður fáfræðina og sist af öllu mátt áróðurs og sefjunar."

Nú komstu heim 1940. Hvarflaði aldrei að þér að vera áfram í Þýskalandi?

"Nei. Ætlun mín var ávallt að fara víðar. Ég hafði einsett mér að ljúka prófi í Þýskalandi sem heimilaði mér vist í háskólum annarra landa. Ég taldi mér vera fulla þörf á að ná sæmilegum tókum á fleiri tungumálum og hugðist stunda tveggja ára nám í Frakklandi og síðan jafnlengi í Bretlandi. Hugði ég gott til ef fjárhagur leyfði slíkt að vera frjáls í vali viðfangsefna og óháður prófum og prófkröfum. En styrjöldin kenndi mér aðra lexíu. Ég greip því fyrsta tækifæri til að komast heim þó að heimleiðin yrði nokkuð krókótt. Varð ég einn af Petsamoförunum sællar minningar. Þeir voru rúmlega 250 talsins. Þetta voru Íslendingar sem dvöldust á meginlandinu þegar stríðið braust út. Aðdragandi ferðarinnar mun hafa tekið a.m.k. átta mánuði, en ferðin frá München

Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands

til Reykjavíkur rétta tvo mánuði um Berlin - Kaupmannahöfn - Stokkholm - Haparanda - Rovaniemi - Petsamo - Kirkwall og Reykjavík."

Hvað tók við eftir að þú komst heim?

"Ég aðstoðaði Sigurð heitinn Benediktsson lítils háttar við að gafa út vikublaðið Stundina en hún varð ekki langlíf eftir að ég tók að skipta mér af henni. Svo kenndi ég smávegis þýsku í Verslunarskólanum og dönsku í Iðnskólanum. Haustið 1941 hóf ég fulla kennslu við Kennaraskóla Íslands. Eftir það sinnti ég ekki stundakennslu að neinu ráði nema væri það kennaramenntun t.a.m. í Hús-mæðraskólanum og Handiðaskólanum."

Varst þú fyrsti sálfræðikennarinn við Kennaraskólann?

"Síður en svo. En hér þarf ég að slá einn varnagla. Mér er tamast að kalla aðalkennslugrein mína í Kennaraskólanum sálarfræði; formlega heitið var uppeldisfræði, en inntakið drjúgur hluti þess, sem Freysteinn Gunnarsson kallaði síðar uppeldisgreinar. Það má bæta öðrum varnagla við: Hvað er sálfræðingur? Er þá átt við lögverndað heiti eða mann sem sannanlega kann nokkuð fyrir sér í fræðunum. Ég nota það hér í síðari merkingunni. Á undan mér

höfðu því úrvals sálfræðingar kennt við skólann. Forveri minn í starfinu var Ármann Halldórsson magister í sálarfræði frá Oslóarháskóla síðar námstjóri og áhrifa- maður í nefnd er endurskoðaði ýmsa lagabálka um skólamál á fimmta áratugnum. Steingrímur Arason hafði lokið B.A. prófi í Columbiáháskólanum. Guðfræðingarnir Magnús Helgason skólastjóri og Sigurður Einarsson voru að vísu ekki með prófgráður í uppeldisgreinum en báðir létu þeir eftir sig rit í fræðunum er sanna deili á þeim auk annarra heimilda. Þessir menn voru allir í fullu starfi í skólanum. Dr. Símon Jóh. Ágústsson prófessor var þar stundarkennari um skeið og prófdómari í fjölda ára. Þess er og vert að geta að æfingakennararnir sem önnuðust kennslufræðina að verulegu leyti höfðu allir stundað framhaldsnám erlendis. Eftir atvikum tel ég að vel hafi verið séð fyrir kennslu í uppeldisgreinum og má rekja það allar götur til kennaradeildar Flensborgarskólans og starfs hennar fyrir og eftir aldamótin. Hún á sér merka sögu. Við höfum verið of tómlátir um íslenska skólasögu."

Í síðasta Fréttabréfi segir Dr. Matthías Jónasson að þú hafir tekið við fremur umkomulitlum skóla. Hvað viltu segja um það?

"Hann var ekki auðugur að veraldargæðum, það er alveg rétt

hjá Matthíasi. Þó var skólahúsið reist af röskleika og myndarskap sumarið 1908 á ágætri lóð. En þar var látið staðar numið og hvorki reistur æfingaskóli, íþróttahús né heimavistir þó að slík mannvirki væru fyrirhuguð frá upphafi skólans. Næsta skref ráðamanna var að höggva af lóð skólans upp í bera kviku. Eftir tæpa sjöttíu ára bið rættist draumurinn um íþróttahús og æfingaskóla en lóðamaran hefur vitjað skólans enn einu sinni. Aftur á móti var jafnan margt afbragðsmanna í kennaraliðinu og það skiptir mestu máli í skóla. - En það var makalaus munaður að vera fastur kennari í Kennaraskólanum þegar ég réðist að honum. Kennslutíminn var 7 mánuðir og sumarleyfið kvaðalaust. - Þetta breyttist að vísu fljótlega. - Í sumarleyfunum var ég gersamlega ábyrgðarlaus og stakk af norður í Skagafjörð og gerði það sem mig lysti. Eitt sumar vann ég raunar að því að bika innan geymana sem nýhorfnir eru af yfirborði Öskjuhlíðar og einhverntíma var ég svokallaður varaþulur í útvarpinu í nokkra mánuði og gegndi þá þularstarfi annan hvorn miðvikudag og aðra hvora helgi."

Já, lastu ekki einhver lifandis bisn í útvarp?

"Jú, ég held að það sé ýkjulaust. Þulurinn las allar fréttir og tilkynningar. Gat það orðið löng

lota. Erlendu fréttirnar voru í tvennu lagi í nafni hlutleysisins, bæði enskar og þýskar, auk innlendu fréttanna. Urðu vitaskuld margar endurtekningar í þessum tvöfalda eða þrefalda fréttáflutningi þó að blæbrigði yrðu að vísu á þeim flestum."

Þegar rætt er um vinsæla útvarpsmenn eruð þið Helgi Hjörvar oft nefndir í sömu andránni og talað um ykkur sem arftaka sagnaþulanna á kvöldvökunum áður fyrr. Áttu einhverja skýringu á þessum vinsældum þínum sem útvarpsmaður?

"Ég þekki ekki heimildir ykkar en þetta hef ég nú ekki heyrt áður. Helgi átti engan keppinaut á sínum leikvelli. En tíðir gestir í útvarpi urðu vinsælir ekki síður í þá daga en nú. Margt hlýtt og óvænt handtak hef ég hlotið af þeim sökum og það gat verið hægðarauki að röddin dugði sem persónuskilríki hvar sem var innanlands og sjaldan var það til óþæginda. Vinsældir Þingeyragæðinganna færðust yfir á mig og mikið var lesið úr nýjum bókum. Ég las ekki úr bók nema ég hefði samúð með henni. Það var enginn hörgull á lesurum. Ég flutti líka erindi og erindaflokka suma er nemendur mínir í Kennaraskólanum höfðu unnið að og flutt í kennslustundum. Ég held að ég hafi aldrei talað um hug mér í útvarp og fólk hafi trúað mér. Kannski lét mér

tiltölulega vel að tala og ég hef sennilega vitað að það má ljúga með öllu nema röddinni."

Ef við snúum okkur aftur að menntamálum. Hverjar telur þú að verið hafi stærstu breytingarnar í viðhorfum til menntamála á löngum starfsferli þínum?

"Ég er ekki við því búinn að svara þessari spurningu án nokkurrar eftirgrennslunar og hef því allan fyrirvara á orðum mínum. Breytingar þær á viðhorfum er í hug koma eru flestar fremur áherslubreytingar en eðlisbreytingar og sér þeirra staði í mikilvægum lagabálkum og markverðum greinargerðum frá fimmta og sjöunda áratugnum. Þær áttu sér náttúrulegan aðdraganda og er þá meðtalin áfallsreynsla sú er fylgdi heimstyrjöld og geimskoti. Við bárumst að vonum með straumröst tímans. Fyrri bylgjan reis í tíð Brynjólfs Bjarnasonar menntamálaráðherra, hin síðari í tíð Gylfa Þ. Gíslasonar menntamálaráðherra, og hafði hann meiri áhrif á lögin um menntum kennara en nokkur ráðherra annar í liðlega hálfu öld. - Af sérstökum áhersluþáttum verða þessir fyrst fyrir mér: Samfelld og samræmt skólakerfi, alhliða þroski nemandans, uppeldishlutverk skóla auk fræðslu, gildi vísinda og rannsókna og jöfn(uð) aðstaða nemenda til að stunda nám. Þessar áherslur hafa haldið vægi sínu. Á sjöunda

áratugnum bættust við: Ýkt atferlisstefna, aukinn hlutur nemenda að skólastarfi og skólastjórn rækt við aðferðafræði, samvinna og samábyrgð í námi, bætt hlutskipti fatlaðra nemenda."

Þú ert einn af stofnfélögum Sálfræðingafélagsins og fyrsti formaður þess.

"Það var af sökum einhvers mis- skilnings og kann ég fátt frá því að segja enda gerði ég ekkert gagn."

Viltu þá gera lítið úr þínum þætti í Sálfræðingafélaginu?

"Það eru ekki efni til annars. Það eina sem mér kemur í hug í svipinn er að við reyndum að vekja athygli á því að hafa mætti nokkurt gagn af sálfræðingum í þjónustu skóla og einnig komum við á framfæri þeirri hugmynd að þarft væri að meta og rannsaka íslenskt skólastarf eftir því sem tæk væru á og leggja til þess 0.25% af því fé er veitt væri til menntamála. En við vorum fámennir og lítills megnugir."

Líturðu kannski ekki á þig sem sálfræðing heldur fyrst og fremst sem Skagfirðing og því næst kennara? Þú titlar þig t.d. kennara í símaskránni.

"Nei ekki vil ég kannast við það. Að lífsstarfi var ég kennari í

sálarfræði. Og ég þurfti ekki á neinum titli að halda til þess að auðkenna mig frá öðrum mönnum. Kannski hef ég óttast að hégómlyndi mitt yrði of opinskátt ef ég sleppti öllum titlum. Mér hefur alltaf þótt meira vert um persónur en titla enda er gildi þeirra bundið hlutverkum sem krefjast einhverskonar staðfestingar. Þeirri notkun titlana gleymi ég heldur ekki.- Um Skagfirðinginn er þess að geta: Mér þótti oft nauðsynlegt að taka skýringardæmi í kennslu minni, t.a.m. um breytni manna, góða eða miður góða eftir atvikum. Trúði ég að þá yrði síður eftirmál eða rekistefna ef misgerðirnar væru ætlaðar Skagfirðingi. Ef til vill gætir þess enn í viðtali okkar. En hitt er meinlegra að allt sem ég hengdi á klakk Skagfirðinga töldu nemendur að ætti að vera þeim til lofs. Þetta skildi ég fyrst þegar ég hafði látið af kennslu."

Telur þú að sálfræðingsmenntunin hafi haft áhrif á þig sem skólastjóra?

"Það getur ekki hjá því farið. Ég býst við að hún hafi aukið mér þrek bæði beint og óbeint. Hún veitti mér þjálfun í að athuga og temja mér hlutlægni. Svo held ég að viðhorf Blöndhliðinga hafi haft nokkurt gildi. Þeir voru gæddir eins konar sveitarmannúð, þeir umbáru hvern sem var, en leystu engan undan eigin ábyrgð. "Það gerir hver fyrir sig"."

Var ekki erfitt að vera skólastjóri með þessi viðhorf á offjölgunartímabilinu þegar nemendafjöldinn var að sprengja skólahúsið utan af sér?

"Viðhorfin held ég að síst hafi verið mér til trafala. En það skeið var þrotlaust strit. Og þó var ef til vill öflugast á alla lund að engin tæk voru á að hafa persónuleg samskipti eða milliliðalaus samskipti við alla né heldur að ná til alls hópsins í senn."

Hvaða skýring er á þessari offjölgun?

"Ég hef enga einhlíta skýringu á henni. Hún byrjaði að marki 1959 og margt lagðist á sömu sveif sem of langt er upp að telja en það kynni að vera ómaksins vert að kanna það efni til þrautar."

Dú hefur starfað í Kennaraskólanum í 34 ár og þar af 13 ár sem skólastjóri. Hafa sveiflur í tíðarandanum ekki sett mark sitt á nemendahópinn?

"Fyrstu fimmtán árin eða svo held ég að mjög óverulegar breytingar hafi orðið á skólabrag og nemendafjöldi var ótrúlega jafn frá ári til árs, starfsviðhorfið var ríkt, en aldur nemenda nokkuð breytilegur og löngum fullþroska menn í nemendahópnum. Með lögum um gagnfræðanáám frá 1946 varð

nokkur breyting á samsetningu hópsins en það hafði ekki teljandi áhrif á skólabraginn. Það gerðist ekki fyrr en með stóru árgöngunum á síðari hluta sjöunda áratugarins því að enn fylgdu við straumi tímans og tíðarandans. Saga námsmannahreyfingarinnar á Íslandi er, að því er ég best veit, enn óskráð. Þá börðu að dyrum ýmis erfið viðfangsefni, sumpart vegna erfiðra aðstæðna heima fyrir, sumpart að komin. Þau tengdust mörg réttlætiskröfu og frelsis-táknum nemenda. Sum þau táknu voru af tvísýnu eðli en þeim var lokið í nafni frelsis réttar og skyldu."

Hvernig gekk að taka á þessu?

"Ég hafði hvorki reynslu, kunnáttu, hugvit né getu til að "taka á þessu", raunar álitamál, að það hugtak eigi við. Ég hafði gaman af átökum þegar ég var strákur en sá tími var og er liðinn nema þá helst við grjót. Því var líkast sem tengslin við fortíðina væru skyndilega rofin frá ári til árs og öld til aldar. Öðruvísi kann ég ekki að orða það í stuttu máli sem fyrir mér vakir. Menn gáfu gömlum hlutum ný nöfn og trúðu að þeir hefðu fundið ný sannindi. Í slíku skyggni er erfitt að sjá eða vísa til vegar."

Hvaða endurbætur á kennaramenntun telurðu mikilvægastar í dag?

"Ég hef ekki leitt hugann að því og veit ekkert um það. Ég lét af þess háttar viðfangsefnum með embætti mínu. Hitt veit ég að allur þorri samtíðarmanna minna í kennarastétt taldi raunhæfa tengingu fræðikenningar og verklegrar þjálfunar eitt brýnasta og vandasamasta viðfangsefni kennaramenntunar. Þetta ræð ég af viðtölum við mæta menn á þeim fjölmörgu ráðstefnum um kennaramenntun og önnur uppeldismál sem ég sótti austan hafs og vestan á starfsferli mínum. - Ég taldi á sínum tíma æskilegt að ungir kennarar störfuðu undir leiðsögn með hóflegri kennsluskyldu og ábyrgð en áframhaldandi námskyldu fyrst eftir að þeir kæmu heim frá námi. Mest veltur þó á að tryggja stéttinni mannval og sjálfsvirðingu að verðleikum til að skipa fullgildan sess í þjóðfélaginu."

Telur þú að löggilding starfsheitisins sé skref í þá átt?

"Ég geri mér ekki fulla grein fyrir hverju það mundi breyta. Átökin um réttindi kennara og menntun þeirra til fullra réttinda eru t.a.m. ekki ný af nálinni né heldur lausnir sem vera skyldu "endanlegar lausnir". En þær komu fyrir ekki. Því má ætla að fleira ráði úrslitum um embættisgengi kennara en löggilding ein. Kennurum mun vera hollt að rifja

upp annað slagið mikilvæg lagaboð, er starf þeirra varða, en hafa ekki verið framkvæmd."

Í þinni skólastjórnartíð var kennaramenntun færð á háskólastig sem hlýtur að teljast merkur áfangi í íslenskri skólasögu. Margir voru vantrúaðir á fyrirtækið í byrjun og líklega hefur ákvörðun um stofnun Kennaraháskólans ekki gengið þrautalaust á æðri stöðum.- Hvað viltu segja okkur um þetta stórmál?

"Það er fljótsagt að ég minnst engra þrauta eftir starfið að því viðfangsefni. Hugmyndin að stofnun Kennaraháskólans kom frá "æðri stöðum". Dr. Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra skipaði nefndir þær allar, er sömdu frumvarp að lögum þeim, er stig af stigi komu Kennaraháskólanum á fót. Á ég þá við nefndir þær er unnu að frumvörpum laganna frá 1963 og 1971. Í nefndum þessum voru þjóðkunnir menn er nutu trausts alþjóðar sökum starfa sinna og mannkosta. Ráðherrann fylgdi frumvörpunum eftir á Alþingi. Hugmyndin um kennaramenntun í háskóla hafði verið rædd á Íslandi, m.a. á fimmta áratugnum, en í fyllingu tímans kom frumkvæðið frá dr. Gylfa. Það var sá þrautreyndi embættismaður Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri sem fyrstur hreyfði hugmyndinni berum orðum í laganefndinni að því er ég best veit. Alþingi afgreiddi frumvarpið

sem lög án þarflausra tafa að vísu með slysalegu viðbótarákvæði um ótímabæra endurskoðun. Kennarastéttin hefur ávallt fagnað betri menntun, svo var einnig að þessu sinni en þó kenndi geigs hjá stöku kennara við það að mismunur á menntun kynni að valda óheillavænlegri spennu eða kloffningi innan stéttarinnar. - Að öllu samanlögðu virðist mér sem samstarfið við þá menn er unnu að lagasmíðinni um Kennaraháskólann hafi verið eitt notalegasta verkið á skólastjóraferli mínum."

Hvað hefur þú haft fyrir stafni eftir að þú lést af störfum?

"Ekkert markvert, enda hefur mér ekki enst tíminn til að bæta fyrir vanrækslusyndir síðustu þrjátíu ára."

KÖNNUN Á STÖRFUM SÁLFRÆÐINGA Í APRÍL 1986.

INGVAR GUÐNASON
EINAR GYLFI JÓNSSON

Starfsvið sálfræðinga hefur tekið miklum stakkaskiptum hin síðari ár eins og kunnugt er. Samfara aukinni þörf fyrir sálfræðilega þjónustu hefur fjöldi nýrra sálfræðinga komið til starfa með mjög fjölbreytta menntun og faglega

reynslu að baki. Sálfræðingar hafa í auknum mæli haslað sér völl utan opinberra stofnana og annarra hefðbundinna vinnustaða og þjónusta þeirra verður æ margvíslegri og fjölbreyttari með ári hverju.

Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands

